

ISMN númer

Hvað er ISMN númer?

ISMN númer (International Standard Music Number) er alþjóðlegt auðkennisnúmer fyrir nótur og nótnatengda útgáfu. ISMN er staðall frá alþjóðlegu staðlastofnuninni ISO (International Standards Organisation): ISO 10957. ISMN númeri er hægt að umbreyta í strikamerki og gera læsilegt á vélrænan hátt samkvæmt EAN-13 staðli.

Notkun á ISMN númerum er stjórnað af alþjóðlegri stofnun, ISMN International Agency <https://www.ismn-international.org/>, sem heyrir undir Ríkisbókasafnið í Berlín, Staatsbibliothek Preussischer Kulturbesitz. ISMN númerakerfinu var komið á fót fyrir tilstuðlan Alþjóðasamtaka tónlistarbókavarda, IAML (International Association of Music Librarians), sem lögðu til að tekið væri upp sérstakt staðalnúmerakerfi fyrir nótnaútgáfu. Nauðsynlegt þótti að aðgreina nótnaútgáfu frá annarri útgáfu vegna þess að hún er annars eðlis og ætluð fyrir annan markað en bókaútgáfa. Fyrsti alþjóðlegi ISMN staðallinn var samþykktur og gefinn út árið 1993. Staðallinn var endurskoðaður árið 2008 og endurútfinn í júlí 2009.

ISMN á Íslandi

ISMN kerfið var innleitt í Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni í janúar 2013. Annast safnið úthlutun ISMN númera fyrir íslenska tónlistarútgáfu og ber jafnframt ábyrgð á kynningu og útbreiðslu kerfisins hér á landi. Hver útgefandi getur fengið númeraröð sem inniheldur útfendatölu sem tilgreinir hann eða stök númer fyrir einstaka útgáfu. Úthlutun ISMN númera er veitt útfendum að kostnaðarlausu. Gerð er skrá yfir íslenska tónlistarútfendur sem er hluti af alþjóðlegri skrá, *Music Publishers' International ISMN Database* <https://ismn-international.org/directory>.

Notkun ISMN númera

ISMN númer eru notuð á nótnablöð, nótnabækur og annað nótnatengt efni hvort sem ritin eru seld eða gefin og án tillits til útgáfuforms. ISMN númer eru ekki ætluð fyrir hljóðrit af neinu tagi eða fyrir bækur um tónlist. Sérhvern hluta útgefins tónlistarverks, sem fáanlegur er einn og sér, á að auðkenna með ISMN númeri.

Tónlistarútgáfa getur verið nótur, nótur í vasabroti (ekki ætlað til flutnings), hlutar tónsmíðar fyrir mismunandi hljóðfæri sem ætlaðir eru til sölu einir og sér eða eru aðgengilegir sem hluti af stærra tónlistarverki. Hvert verk og hver ný útgáfa þess fær sérstakt ISMN númer.

ISMN númer eru notuð á:

- Nótur
- Nótur í vasabroti
- Raddskrár
- Hluta af verki sem seldir eru saman, þ.e. settið
- Einstaka hluta verks sem fást sér
- Sýnisbækur

- Texta sem gefnir eru út með nótunum, ef þeir eru fánlegir sérstaklega
- Skýringar með nótunum, ef þær eru seldar sérstaklega
- Rafræna útgáfu
- Útgáfu á blindralettri

Ekki á að nota ISBN númer á nótur eða nótábækur. Ef nótna- eða söngbækur innihalda mikinn texta og myndskreytingar má skilgreina þær sem venjulegar bækur og geta þær þá jafnframt fengið ISBN númer.

Notendahandbók ISMN, *ISMN Users' Manual*, er aðgengileg á vefslóðinni <https://ismn-international.org/manual>.

Tilgangurinn með notkun ISMN númera

Notkun ISMN númera einfaldar alla meðhöndlun og ferli í sölu, dreifingu og skráningu á tónlistarefni. Það auðveldar útgefendum, söluaðilum og bókasöfnum að halda utan um bókfræðilegar upplýsingar. ISMN númer er notað við birgðahald, pantanir og dreifingu og við gerð skráa yfir tónlistarútgáfu. Það auðveldar bókasöfnum að finna upplýsingar um tónlistarefni og nýtist við pantanir og millisafnalán. Með því að nota ISMN númer er einfalt að finna nákvæmlega réttu útgáfuna. ISMN númer gerir tónlistarefni sýnilegra því það er hægt að greina það frá öðru efni á einfaldan hátt. Það auðveldar skylduskilasöfnum að fylgjast með útgáfunni og tryggir vitneskju um allt það sem út er gefið og fær sérstakt ISMN númer.

Gerð ISMN númersins

Upphaflega var ISMN númerið 10 tölustafir eins og ISBN númerið. Bókstafurinn M var framan við númerið til að aðgreina það frá ISBN númerinu. Árið 2008 var ISMN númerið lengt í 13 tölustafi til samræmis við þær breytingarnar sem gerðar höfðu verið á ISBN númerakerfinu. Forskeytið 979-0 aðgreinir nú ISMN númerið frá ISBN númerinu. Núllið kom í stað bókstafsins M en EAN-13 forskeytið 979 gerir ISMN númerið sambærilegt EAN-13 strikamerkisnúmerinu.

ISMN 979-0-700317-00-3



ISMN númerið skiptist í fjóra hluta: forskeyti, útgefendatölu, útgáfunúmer og vartölu/tékkölu. Númeraraðir sem innihalda 10 ISMN númer hafa sjö stafa útgefendatölu. Númeraraðir sem innihalda 100 númer hafa sex stafa útgefendatölu, o.s.frv.

ISMN númerið inniheldur enga hóptölu eða landstölu. Þegar 10 stafa ISMN númeri er breytt í 13 stafa númer heldur það endatölunni eða tékkölunni óbreyttri, öfugt við ISBN númerið sem fær nýja endatölu.

Dæmi:

ISMN : M230671187

ISMN 979-0-230671-18-7

Upplýsingar um ISMN númer gefur:

Helga Kristín Gunnarsdóttir, helga.k.gunnarsdottir@landsbokasafn.is, sími: 525 5755

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn

Aðfanga- og skráningarsvið

Arngrímögötu 3, 107 Reykjavík

Uppfært 19. febrúar 2025